



Fornleifaskráning vegna breytinga á vegi á milli Hákonarstaða og Arnórsstaða á Jökuldal, Múlapingi. Viðbótarskýrsla.



Rannveig Þórhallsdóttir

2022

Forsíðumynd: Horft til SV yfir fornleifaskráningarsvæðið á Jökuldal, Múlaþingi.



© Rannveig Þórhallsdóttir

Unnið fyrir Vegagerðina

September 2022

Efnisyfirlit

ABSTRACT	4
INNGANGUR.....	4
FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ	5
SKRÁNINGIN	6
HÁKONARSTAÐIR	7
ARNÓRSSTAÐIR.....	11
NIÐURSTAÐA	14
HEIMILDIR.....	16

Abstract

Vegagerðin hired Rannveig Þórhallsdóttir, an archaeologist at the company Sagnabrunnur to do an archaeological registration of a road near Hákonarstaðir and Arnórsstaðir in Jökuldalur, Múlaþing. The project has the registration nr. 2726, this is an additional report. Six archaeological remains (and one turf building that is not considered archaeological remains) were found within the area. The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to the Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012.

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar á Austurlandi var starfsmaður Sagnabrunns ehf., Rannveig Þórhallsdóttir, fornleifafræðingur, ráðin til að fornleifaskrá breytta veglínu á milli Hákonarstaða og Arnórsstaða á Jökuldal, Múlaþingi. Áður hafði farið fram fornleifaskráning á tveimur veglínunum, auk námusvæða eins og gert hefur verið grein fyrir í fornleifaskráningarskýrslu.¹ Auk þess var búið að skrá hluta af jörðinni á Hákonarstöðum vegna deiliskipulags², sem og að rannsaka hluta af svæðinu vegna vegaframkvæmda, þ.e. á milli og Arnórsstaða og Gilsár á Jökuldal, þar sem nú er búið að breyta vegi.³ Einnig var hluti


¹ Rannveig Þórhallsdóttir. (2022). „Fornleifaskráning vegna breytinga á vegi á milli Hákonarstaða og Arnórsstaða í Jökuldal, Múlaþingi“. Sagnabrunnur ehf.

² Rannveig Þórhallsdóttir. (2021) „Fornleifaskráning vegna deiliskipulags að Hákonarstöðum, Jökuldal, Múlaþingi.“ Sagnabrunnur ehf.

³ Kristborg Þórsdóttir. (2020). „Fornleifaskráning vegna breytinga á Jökuldalsvegi í landi Arnórsstaða“. FS778-19431. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík; Lilja Björk Pálsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson. (2020). „Arnórsstaðir á Jökuldal. Forrannsókn vegna fyrirhugaðra vegframkvæmda.“ Fornleifastofnun Íslands. FS821-20321; Rannveig Þórhallsdóttir. (2022). „Fornleifarannsókn vegna vegaframkvæmda að Arnórsstöðum, Jökuldal, Múlaþingi.“ Sagnabrunnur ehf.

svæðisins fornleifaskráð fyrir HEF vegna lagningar ljósleiðara á Jökuldal.⁴ Fulltrúar verkkaupa voru Sveinn Sveinsson og Daði Gils Þorsteinsson. Verkið fékk verkefnanúmerið 2726 hjá Minjastofnun. Um viðbótarskýrslu er að ræða.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram á vettvangi áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Þessi fornleifaskráning fer því fram til að uppfylla skilyrði 16. gr. laga nr. 80/2012. Tilgangur fornleifaskráningarinnar er að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á vegstæðinu, ásamt því að skoða vegstæðið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði.



Mynd 1. Veglínar sem er hér til fornleifaskráningar er sýnd með rauðu. Það svæði sem skráð var af Sagnabrunni fyrir Vegagerðina árið 2022 er sýnt með gulu. Innan appelsínugula hringsins er svæði sem var fornleifaskráð af Fornleifastofnun 2020 og búið er að breyta veg.

Framkvæmdasvæðið

Vegaframkvæmdirnar á milli Hákonarstaða og Arnórsstaða á Jökuldal leiða til breytinga á tveimur svæðum: a) á um 250 m svæði norðaustan við Hákonarstaði og b) á um 4,5 km svæði milli Hákonarstaða og Arnórsstaða sem hafði ekki verið skráð áður fyrir Vegagerðina. Skoðuð voru 100 m mörk sitthvoru megin við línuna.

⁴ Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi. Jökulsárhlíð og Jökuldalur.“ Sagnabrunnur ehf; Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi: viðbótarskýrsla vegna breytinga á lagnaleið ljósleiðara á milli Hákonarstaða og Merkis; Rannveig Þórhallsdóttir. (2021) „Fornleifaskráning vegna deiliskipulags að Hákonarstöðum, Jökuldal, Múlaþingi.“ Sagnabrunnur ehf.

Skráningin

Rannveig Þórhallsdóttir, starfsmaður Sagnabrunns ehf., fór á vettvang þann 27. ágúst 2022. Fornleifar voru mældar upp með Trimble Nomad 5. Áður hafði skýrsluhöfundur mælt upp fornleifar á hluta svæðisins sumarið og haustið 2021, annars vegar vegna fornleifaskráningar fyrir HEF vegna lagningar ljósleiðara og hins vegar fyrir landeigendur að Hákonarstöðum vegna deiliskipulags eins og áður hefur komið fram.

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar og eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nálægt fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Í *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, Kumli og Haugfé* og árbókum Ferðafélags Íslands var einnig að finna greinargóðar vísbendingar um fornleifar, sem og við skoðun á túnakortum, jarðabókum og örnefnaskrá. Þakkir fá Sigvaldi H. Ragnarsson og Halla Eiríksdóttir á Hákonarstöðum 3 fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar.



Mynd 2. Svæði norðan við Hákonarstaði sem er hér til skráningar, sýnt með rauðu. Gulmerkt svæði er þegar skráð.

Hákonarstaðir

Jörðin er samkvæmt Landnámabók landnámsjörð Hákonar sem nam dalinn vestan Jökulsár. Jarðarinnar er einnig getið í Fljótsdæla sögu. Í máldaga Möðrudalskirkju frá 1493 getur um bænhus að Hákonarstöðum, en þá var bærinn í Möðrudalssókn.⁵ Í *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* getur um fjölda forna rústa að Hákonarstöðum. Þrígga metra vegghleðslur komu til að mynda í ljós þegar grafið var fyrir súrgryfju en þá fannst axarblað á um 3 m dýpi (nú glatað). Gamli bæjarhóllinn að Hákonarstöðum (NM-120:001) stóð 100 m norður af núverandi íbúðarhúsi að Hákonarstöðum 2. Árið 1911 stóðu sjö hús að Hákonarstöðum með þilstöfnum fram á hlað. Baðstofan var alpiljuð 13x5 álnir, fjórskipt og sérlega vönduð, svo og önnur bæjarhús, 9x6 álnir. Baðstofan var rifin um 1970, hún stóð þá ófúin og stóðst hallarmál. Bænhúshóll (NM-120:002) stóð þar sem nýja íbúðarhúsið að Hákonarstöðum 2 var reist, kirkjugarður var í kringum Bænhúshól.⁶ Samkvæmt örnefnaskrá var gamli bærinn skammt utan við íbúðarhúsið að Hákonarstöðum 2. Á hlaði gamla bæjarins er Brunnhúshóll og Brunnur þar sem nú liggur þjóðvegur.⁷

Áður nefndar minjar eru allar utan 100 m helgunarsvæðis sitthvoru megin við veglínu vegna vegagerðar.

⁵ Ármann Halldórsson, 1973. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, bls. 295-297; J. Johnsen. 1847; *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn, bls. 359; Páll Pálsson, 1997. *Múlaþing*, 24, „Teikningar af bæjum í Jökuldal“.

⁶ Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1999. *Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu. Svæðisskráning*, bls. 71; Ármann Halldórsson, 1975. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, bls. 268-269; Íslenskt fornbréfasafn DI VII, 189.

⁷ Örnefnaskrá Hákonarstaða á Jökuldal, 1973.

Í fyrri skýrslu höfðu verið mældar upp einar minjar innan þess framkvæmdarsvæðis sem áður hafði verið skilgreint:

2726-1. Steinhleðsla (byrgi).

Hákonarstaðir.

Steinhleðslan er 2,7 m breið og 2,5 m breið, breidd veggja um 1 m og inngangur til austurs, liggur A-V. Um þrjú umför af steinum í hleðslu, hæð um 0,2-0,3 m. Í tóftinni liggur ryðgað járn, líklega hluti af búvél. Tóftin er stutt vestan við girðingu. Samkvæmt



Mynd 3. Staðsetning steinhleðslu 2726-1 m.v. veglínu.

upplýsingum frá heimildamanninum Sigvalda H. Ragnarssyni, ábúanda að Hákonarstöðum 3, var tóftin byrgi, hlaðið af föður hans, Ragnari Sigvaldasyni, f. 1926 og bræðrum þegar þeir sátu yfir fé á árunum milli 1930-1940. Minjarnar nálgast það að vera fornminjar samkvæmt lögum nr. 80/2012.⁸

Eins og komið hafði fram í fyrri skýrslu er steinhleðslan í 6 m fjarlægð austan við veglínuna og í um 42 m fjarlægð vestan við námusvæði. Tóftin er inni á framkvæmdarsvæði vegna vegagerðarinnar og því þarf Minjastofnun að taka afstöðu til varðveislu hennar. Landeigendur að Hákonarstöðum, Sigvaldi H. Ragnarsson og Halla Eiríksdóttir leggja áherslu á að vernda tóftina, því er lagt til að vegurinn verði breikkaður til vesturs og tóftin látin halda sér.⁹



Mynd 4. Steinhleðsla 2726-1. Horft til A.

⁸ Skriflegar upplýsingar 10. september 2022 frá Sigvalda H. Ragnssyni, landeiganda og ábúanda að Hákonarstöðum 3, f. 1968.

⁹ Skriflegar upplýsingar 10. september 2022 frá Sigvalda H. Ragnssyni, landeiganda og ábúanda að Hákonarstöðum 3, f. 1968.



Mynd 5. Staðsetning minja 2726-2, Langagerði, m.v. veglínu (sýnd með rauðum línunum).

Eftirfarandi minjar voru skráðar í viðbótarskráningu í nálægð við breytta veglínu vegagerðarinnar:

2726-2. Langagerði. Fjárhús.

Í um 44 m fjarlægð SA við veglínu er 16,5 x 15 m mannvirki (fjárhús) sem er að hruni komið. Þykkt veggja um 3 m, vegg hæð 1-1,5 m. Inngangur til S. Fjárhúsið er stein- og torfhlaðið til A og V, þak og þil (til A) byggt úr bárujárnri og viði. Sjá má A-1875 gjósku í torfhleðslum.



Samkvæmt upplýsingum frá Sigvalda H. Mynd 6. Horft til V að fjárhúsi 2726-2.

Ragnarssyni og Höllu Eiríksdóttur, landeigendum að Hákonarstöðum, heita húsin Langagerði. Þar voru beitarhús frá Hákonarstöðum og síðar sjálfstæð jörð. Húsin eru að hluta til forn, þ.e. veggir eldri en 100 ára. Núverandi þak var sett á árið 1966.¹⁰ Minnst er á Langagerði í

¹⁰ Skriflegar upplýsingar 12. september 2022 frá Sigvalda H. Ragnarssyni og Höllu Eiríksdóttur, landeigendum og ábúendum að Hákonarstöðum 3, f. 1968 og 1959.

örnefnaskrá. Þar segir: „Svæði frá Grjótlæk og út að Hnúksá tilheyrir Langagerði, sem er býli eins og Breiðilækur, nema hvað þar er ekki eins vel hýst.“¹¹

Mannvirkið er innan framkvæmdarsvæðis vegna vegagerðarinnar og þarf Minjastofnun því að taka afstöðu til varðveislu þess. Lagt er til að vegi verði hnikað svo að mannvirkið verði ekki fyrir hnjaski.

2726-3. Póstvarða. Arnórsstaðir 3/ Arnórsstaðasel.

Varðan er austan við girðingu, steinhlaðin. Neðst eru um 6 umraðir steina, hæð hleðslu um 1 m. Samkvæmt örnefnaskrá Arnórsstaða heitir varðan Póstvarða. Þar var pósturinn skilinn eftir sem átti að fara í Merki og þar neðar var drátturinn að Merki (kláfferja).¹²

Varðan er í um 14 m fjarlægð austan við miðlínu vegna vegagerðar og telst hún því í hættu. Því þarf Minjastofnun að taka afstöðu til varðveislu hennar. Lagt er til að veginum verði hnikað til að varðveita vörðuna.

2726-4. Varða við Hnúksá. Arnórsstaðir 3 / Arnórsstaðasel.

Varðan var skráð í skýrslu 2558 undir númerinu 2558-14. Varðan er norðan við Hnúksá og um 2 m austan við veg, um 11 umraðir að hæð og um 6 umraðir að breidd. Hún er mosagróin og hrúnin til vesturs.



Mynd 7. A-1875 gjóska í torfi tóftar 2726-2, Langagerði.



Mynd 8. Varða 2726-3. Horft til SA.



Mynd 9. Varða 2726-4. Horft A.

¹¹ Örnefnaskrá Hákonarstaða, Örnefnastofnun, bls. 8 og 9.

¹² Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi. Jökulsárhlið og Jökuldalur.“ Sagnabrunnur ehf; Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi: viðbótarskýrsla vegna breytinga á lagnaleið ljósleiðara á milli Hákonarstaða og Merkis“, Sagnabrunnur ehf; Örnefnaskrá Arnórsstaða.

*Varðan er í 14 m fjarlægð austan við miðlínu vegna vegagerðar og telst hún því í hættu. Landeigendur telja að færa eigi vörðuna og að hún eigi ekki að standa í vegi fyrir nauðsynlegum vegbótum. Ennfremur telja landeigendur að hnikun á vegi muni valda meira raski og jarðvegi og gróðri en nauðsynlegt er og hafa óskað eftir því að varðan verði færð á stað þar sem hún muni sjást vel af vegfarendum, enda sé hún að hluta til hrunin og þarfnist endurgerðar.*¹³

Óskað er eftir því að Minjastofnun að taka afstöðu til varðveislunnar eða færslu vörðunnar.



Mynd 10. Staðsetning minja 2726-3 og 2726-4 m.v. veglínu (sýnd með rauðum línunum).

Arnórsstaðir

Skráðar hafa verið um 24 fornleifar að bænum og voru fornleifar rannsakaðar að bænum árið 2020 vegna breytinga á vegi. Í skýrslum vegna fornleifarannsóknna kemur fram að samkvæmt heimildum hafi verið búið að Arnórsstöðum frá síðmiðöldum til ársins 2000 þegar jörðin fór í eyði. Jörðin kemur fyrst fyrir í heimildum frá miðri 15. öld, þ.e.a.s. í málþaga Hofteigskirkju. Til er sögn um að Arnór, sem jörðin heitir eftir, hafi fallið í bardaga við Hákon á Hákonarstöðum, en sá bær er nefndur í Landnámabók. Samkvæmt munnmælasögu hvílir Arnór í miðju fjalli inn og upp af bænum.¹⁴



Mynd 11. Garðlag 2726-5, horft til norðurs.

Jörðin Arnórsstaðir og veglínan á milli Arnórsstaða

og Gilsár hefur þegar verið fornleifaskráð og rannsökuð (sjá mynd 1) og því er ekki ástæða

¹³ Örnefnaskrá Arnórsstaða; skriflegar upplýsingar 12. september 2022 frá Sigvalda H. Ragnssyni og Höllu Eiríksdóttur, landeigendum og ábúendum að Hákonarstöðum 3, f. 1968 og 1959.

¹⁴ Ármann Halldórsson, 1973. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, bls. 265-267; Lilja Björk Pálsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson. (2020). „Arnórsstaðir á Jökuldal. Forrannsókn vegna fyrirhugaðra vegframkvæmda.“ Fornleifastofnun Íslands. FS821-20321; Kristborg Þórsdóttir. (2020). „Fornleifaskráning vegna breytinga á Jökuldalsvegi í landi Arnórsstaða“. FS778-19431. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík; Örnefnaskrá Arnórsstaða í Jökuldal, 1973.

til að dvelja frekar við þann kafla. Hér verður áhersla lögð á að skoða nánar svæðið á milli Hákonarstaða og Arnórsstaða, á því svæði þar sem minjar Arnórsstaðasels liggja.

2726-5. Garður. Arnórsstaðasel.

Í um 30 m fjarlægð vestan við miðlínu vegar er torfhladdinn garður sem er um 22 m langur og um 2 m breiður, hæð garðsins er um 0,6 m. Rof er í garðinum til SA. Garðurinn tengist Arnórsstaðaseli skv. upplýsingum frá Sigvalda H. Ragnarssyni og Höllu Eiríksdóttur að Hákonarstöðum 3, en aldur hans er óþekktur.¹⁵

Garðurinn er í um 30 m fjarlægð vestan við miðlínu vegar og telst því í hættu vegna vegagerðar. Því þarf Minjastofnun að taka afstöðu til varðveislu garðsins. Lagt er til að veginum verði hnikað til að varðveita garðinn.

2726-6. Tóft. Arnórsstaðasel.

Tóftin er tvíhólfra tóft sem liggur N-S. Stærð tóftar er 20 x 7,1 m, breidd veggja um 2 m. Hæð veggja um 1,2 m. Tveir inngangar eru úr sitthvoru rýminu til austurs. Í tóftinni liggur bárujárn og spýtur. Sigvaldi H. Ragnarsson og Halla Eiríksdóttir að



Mynd 12. Tóft 2726-6, horft til SA.



Mynd 13. Afstaða minja 2726-5, 2726-6 og 2726-7 á loftmynd. m.v. veglínu (sýnd með rauðum línunum).

¹⁵ Örnefnaskrá Arnórsstaða; skriflegar upplýsingar 12. september 2022 frá Sigvalda H. Ragnarssyni og Höllu Eiríksdóttur, landeigendum og ábúendum að Hákonarstöðum 3, f. 1968 og 1959.

Hákonarstöðum 3 telja að tóftin hafi verið gerð á árunum 1940-1950 og hafi verið hlaðin af Eiríki Björnssyni, þáverandi eiganda.¹⁶

Tóftin er í um 12 m fjarlægð frá miðlínu vegar og telst hún því í hættu. Tóftin telst ekki fornminjar samkvæmt lögum nr. 80/2012 og því er ekki ástæða til mótvægisáðgerða.

2726-7. Fjárhús. Arnórsstaðasel.

Fjárhúsin að Arnórsstaðaseli voru forðum nýtt sem beitarhús frá Arnórsstöðum. Síðar var þar sjálfstæð jörð. Fjárhúsið er torf- og steinhlaðið, þil til A. Stærð hússins er 15x15 m, það liggur A-V. Hæð veggja um 1-2 m, þykkt veggja um 3 m. Til norðurs er mannvirkid gert úr stein- og torfhlöðnum veggjum og bárujárnsþak yfir. Austurhlið mannvirkisins er hlaðið veglegum



Mynd 14. Arnórsstaðasel, 2726-7. Horft til V.

ferhyrndum og flötum steinum og í einn þeirra hefur verið höggið þremur greinanlegum stöfum er virðast vera H.R.B., sjá mynd 15. Til suðurs er opið rými (án þaks), inngangur til A. Í torfhleðslum er 1875 gjóskan vel greinanleg og er efri hluti torfveggja því hlaðnir eftir 1875, en neðri hluta veggja gætu verið eldri. Samkvæmt upplýsingum frá Sigvalda H. Ragnarssyni og Höllu Eiríksdóttur keypti Ragnar Sigvaldason (f. 1926) jörðina Arnórsstaðasel í kringum árið 1950 og nýtti hana eftir það frá Hákonarstöðum. Þau telja að fjárhúsin séu að hluta til forn og því er full ástæða til að varðveita minjarnar.¹⁷

Fjárhúsin eru í um 17,5 m fjarlægð í A frá miðlínu vegar og teljast þau því vera í hættu. Því þarf Minjastofnun að taka afstöðu til varðveislu þeirra. Lagt er til að veginum verði hnikað til að varðveita fjárhúsin.



Mynd 15. Stafir höggirnir í hleðslugrjóti Arnórsstaðasels, 2726-7. Horft til V.

¹⁶ Örnefnaskrá Arnórsstaða; skriflegar upplýsingar 12. september 2022 frá Sigvalda H. Ragnssyni og Höllu Eiríksdóttur, landeigendum og ábúendum að Hákonarstöðum 3, f. 1968 og 1959.

¹⁷ Skriflegar upplýsingar 10. og 12. september 2022 frá Sigvalda H. Ragnssyni og Höllu Eiríksdóttur, landeigendum og ábúendum að Hákonarstöðum 3, f. 1968 og 1959.



Mynd 16. Rými 2726-7 til S. Horft til V.




Mynd 17. A-1875 gjóska í efri hluta veggja 2726-7. Horft til N.

Niðurstaða

Í töflu 1 er að finna lista yfir niðurstöðu fornleifaskráningarinnar á framkvæmdasvæði vegna vegagerðar á milli Hákonarstaða og Arnórstaða á Jökuldal. Engar friðlýstar minjar eru á framkvæmdasvæðinu. Það fundust sex fornleifar í skilningi laga nr. 80/2012 og einar tóftir sem töldust ekki fornminjar í námunda við eða á framkvæmdasvæðinu. Fornleifarnar voru hnitsettar og ljósmyndaðar.

Lagt er til að veginum verði hnikað á fimm stöðum þar sem fornleifar voru mældar upp og ein varða varðveitt eða endurhlaðin. Það er þó ákvörðun Minjastofnunar Íslands með hvaða hætti varðveislu eða frekari rannsóknum skuli vera háttað.



Mynd 18. Yfirlitsmynd yfir þær minjar sem fundust á framkvæmdasvæðinu.

Minnt er á að allar minjar sem eru eldri en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun, að nákvæmri fornleifarannsókn, s.s. könnunarskurðum. Þá er tekinn þverskurður í gegnum minjarnar, snið teiknað og ljósmyndað og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynleg. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Nr.	Teg.	F j .	Hættuma t	Hætta	Ástand	Aldur	Frið lýst ?	Mótvægisáðgerðir	ÍSNET hnit
2726-1	Hákonarstaðir Steinhladin tóft (byrgi)	1	Framkv.	Í hættu.	Greinanleg	1930- 1940	Nei	Mæld upp og ljósmynduð. Færa veglínu.	675625,642 527612,798
2726-2	Hákonarstaðir Langhús Fjánhús	1	Framkv.	Í hættu.	Greinanleg	1700- 1950.	Nei	Mæld upp og ljósmynduð. Færa veglínu.	676430,192 530015,147
2726-3	Arnórsstaðir 3 / Arnórsstaðasel Póstvarða	1	Framkv.	Í hættu.	Greinanleg	1800- 1920.	Nei	Mæld upp og ljósmynduð. Færa veglínu.	677138,93 532459,51
2726-4 (2558- 14)	Arnórsstaðir 3 / Arnórsstaðasel Varða við Hnjúksá	1	Framkv.	Í hættu.	Greinanleg	1800- 1920.	Nei	Mæld upp og ljósmynduð. Varðveita eða endurhlaða vörðu.	677139,89 532458,75
2726-5	Arnórsstaðasel Garður	1	Framkv.	Í hættu.	Greinanleg	1700- 1920.	Nei	Mæld upp og ljósmynduð. Færa veglínu.	677400,80 533478,91
2726-6	Arnórsstaðasel Tóft <u>Ekki fornleifar</u> <u>skv. 80/2012.</u>	1	-	-	Greinanleg	1940- 1950	Nei	Mæld upp og ljósmynduð. <u>Engar</u> <u>mótvægisáðgerðir.</u>	677451,32 533481,06
2726-7	Arnórsstaðasel Fjánhús	1	Framkv.	Í hættu.	Greinanleg	1700- 1950.	Nei	Mæld upp og ljósmynduð. Færa veglínu.	677477,43 533512,16

Tafla 1. með niðurstöðu fornleifaskráningarinnar.

Heimildir

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson, (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands.

Helgi Hallgrímsson. (1993-2000). „Náttúru- og menningarminjar í Austfirðingafjórðungi.“ Vegna skógræktar. [Óbirt, varðveitt hjá Skógrækt ríkisins].

Íslenskt fornbréfasafn, I-XVI. (1857-1972). Kaupmannahöfn/Reykjavík.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Kristborg Þórsdóttir. (2020). „Fornleifaskráning vegna breytinga á Jökuldalsvegi í landi Arnórsstaða“. FS778-19431. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Lilja Björk Pálsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson. (2020). „Arnórsstaðir á Jökuldal. Forrannsókn vegna fyrirhugaðra vegframkvæmda.“ Fornleifastofnun Íslands. FS821-20321.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (www.map.is/minjastofnun/#)

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). „Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu, Svæðisskráning.“ Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS080-98089.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1998). „Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Greinargerð um svæðisskráningu.“ Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS072-98081.

Páll Pálsson. 1997. „Teikningar af bæjum á Jökuldal.“ Múlaþing 24: 147-156. Héraðsnefnd Múlasýslna, Egilsstöðum.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2020). „Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara á Efri-Jökuldal.“ Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi. Jökulsárhlíð og Jökuldalur.“ Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi: viðbótarskýrsla vegna breytinga á lagnaleið ljósleiðara á milli Hákonarstaða og Merkis.“ Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021) „Fornleifaskráning vegna deiliskipulags að Hákonarstöðum, Jökuldal, Múlaþingi.“ Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2022). „Fornleifarannsókn vegna vegaframkvæmda að Arnórsstöðum, Jökuldal, Múlaþingi.“ Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2022). „Fornleifaskráning vegna breytinga á vegi á milli Hákonarstaða og Arnórsstaða í Jökuldal, Múlaþingi.“. Sagnabrunnur ehf.

Skriflegar upplýsingar 10. og 12. september 2022 frá Sigvalda H. Ragnssyni og Höllu Eiríksdóttur, landeigendum og ábúendum að Hákonarstöðum 3, f. 1968 og 1959.

Túnakort (1919-1920) fyrir Hákonarstaði, Arnórsstaði og Merki í Jökuldal, Norður-Múlasýslu, nú Múlaþingi. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík (testbirting.manntal.is).

Örnefnastofnun (1973). Skrá yfir örnefni að Hákonarstöðum, Arnórsstöðum og Merki í Jökuldal. Uppfletting á nafnid.is